

5. gr.

Ofangreind gjaldskrá, sem ákveðin er með heimild í 7. gr. laga nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinnastöð Íslands, öðlast gildi frá og með 1. febrúar 1987 að telja. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá frá 17. mars 1986.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 30. janúar 1987.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Hveragerðis nr. 220, 20. mars 1986, með síðari breytingum.

Liður 2.1 orðist svo:

Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum, vistheimilum, veitingahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum.

Orkugjald kr. 5,31 kWh

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 20. febrúar 1987.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um afnám banns við togveiðum á Hornbanka og Reykjafjarðarál.

1. gr.

Þann 24. febrúar 1987 kl. 12:00 á hádegi, er felld úr gildi reglugerð nr. 250 16. maí 1986, um bann við togveiðum á Hornbanka og Reykjafjarðarál.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. febrúar 1987.

F.h.r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.